



## FUNDARGERÐ 492. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 6. febrúar 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:35. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

**Fundarstjóri:** Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Sækja fund:** Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlökkversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Athugasemdir ESA vegna undanþágu byggðarsamlaga undan tekjuskatti

Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður tekur sæti á fundinum við upphaf fundar og gerir grein fyrir minnisblaði um athugasemdir ESA við tekjuskattsundanþágu byggðasamlaga.

Svana Helen Björnsdóttir tekur sæti á fundinum klukkan 07:53.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna og bókar eftirfarandi:

*„Stjórn SORPU felur Haraldi Flosa að kynna menningar- og viðskiptaráðuneytinu niðurstöðu minnisblaðsins.“*

#### 2. Niðurstaða Hæstaréttar vegna áfrýjunarbeiðni SORPU bs. í máli ÍAV og SORPU bs.

Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður tekur sæti á fundinum klukkan 08:35. Eva Bryndís gerir grein fyrir stöðu málaferla ÍAV og SORPU.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna og bókar eftirfarandi:

*„Stjórn SORPU felur lögmönnum SORPU að vinna málið áfram.“*

Eva Bryndís og Haraldur Flosi víkja af fundinum klukkan 08:45.

#### 3. Málefni endurvinnslustöðva – staða verkefnis um framtíðarskipulag endurvinnslustöðva

Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefnastjóri hjá SORPU, tekur sæti á fundinum klukkan 08:45.

Árelía Eydís víkur af fundi klukkan 08:53.



Ísól gerir grein fyrir framvindu vinnu starfshóps um framtíðarskipulag endurvinnslustöðva. Hópurinn hefur komið saman og er í gagnaöflunarvinnu. Hópurinn hittist reglulega og vinnufundur í undirbúningi í febrúar. Vinna hópsins er á áætlun og í samræmi við erindisbréf.

#### 4. Sérstöfnun á matarleifum – staða á dreifingu bréfpoka

Ísól Fanney gerir grein fyrir stöðu á dreifingu á bréfpokum. Frá áramótum hefur SORPA dreift um 300.000 pokum á endurvinnslustöðvum og í Góða hirðinum. Dreifing hefur gengið vel og spurn eftir pokum verið í samræmi við væntingar.

#### 5. Málafni grenndarstöðva – staða textílverkefnis

Ísól Fanney og Gunnar Dofri gera grein fyrir stöðu textílsöfnunar á höfuðborgarsvæðinu og útfærslum á auknum endurnotum. Stefnt er að því að SORPA hefji söfnun á textíl á grenndarstöðvum 1. júní 2024.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

*„Stjórn SORPU felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að undirbúningi söfnunar og afsetningu á textíl og hefja vinnu við endurskoðun á samningum SORPU og sveitarfélaganna um rekstur endurvinnslu- og grenndarstöðva.*

*Stjórn felur framkvæmdastjóra jafnframt að halda áfram undirbúningi að auknum innlendum endurnotum, til dæmis með samningaviðræðum um húsnæði og aukin endurnot. Stjórn kallar eftir áætlun um kostnað við verkefni.“*

Ísól Fanney vikur af fundi klukkan 09:29.

#### 6. Önnur mál

Guðfinnur vekur máls á stöðu stefnumótunar SORPU, áhrifum mögulegra mannbreytinga í stjórn SORPU á miðju kjörtímabili, stjórnskipulagi og fleiri atriðum er varða stefnumótunarferli SORPU og áhættu tengd því.

#### Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 20. febrúar klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:45.